



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom 4. maí 2021 kl. 19:30

Mætt: Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Árni Gunnlaugsson (ÁG), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Halldór Hauksson (HH), Baldvin Hansson (BH), Einar Gunnlaugsson (EG), Aðalsteinn Símonarson (AS), Arnar Már Pálmarsson (ARM)

Fjarverandi: Fylkir Jónsson (FJ)

HRR og ARM rituðu fundargerð.

1. Nýr Framkvæmdastjóri

Nýr Framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn, Arnar Már Pálmarsson.

Arnar Már er atvinnuflugmaður að mennt og sat í stjórn AKÍS fyrir nokkrum árum og þekkir því starfsemi sambandsins vel.

2. Umsagnargjald

Á fjárhagsáætlunni stóð til að lækka umsagnargjald, eftir útreikninga er lagt til 42% lækkun á umsagnargjaldi.

Samþykkt samhljóða

3. Brautarúttekt

Lagt til að keppnisráð sem eru með tilteknar brautir taki út keppnisbrautir í sínum greinum.

Rallycrossráð tekur út svæði ætluð rallycross, Hringakstursráð tekur út brautir ætlaðar hringakstri o.s.fv. Ráðin skila inn umsögnum og tillögur að úrbótum sem verður svo yfirfarið og sett upp í forgangsraðaðan lista.

Samþykkt að fara í þessa vinnu.

4. Fjölmíðlafólk

Lagt til að setja einhvern ramma utanum fjölmíðlafólk. Fjölmíðlafólk og ljósmyndarar þurfa að skrifa undir leyfisblað frá AKÍS eða keppnishaldara sem segir að þau fari eftir reglum.

5. Önnur mál

Tryggingamál

Minnt á að tryggingaráðgjafi þarf að koma að málinu.

Rafræn skírteini

Tekin hefur verið saman listi af þeim sem eiga rétt á skírteini og eru þau í vinnslu.



Akstursíþróttasamband Íslands

Næsti fundur 18. maí kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 20:35